



Dalapósturinn

4. tölublað, 7. árgangur
14. apríl 2014

Flokksstjóri vinnuskóla

Starf flokksstjóra við Vinnuskóla Dalabyggðar er laust til umsóknar.

Æskilegt er að umsækjandi sé 20 ára eða eldri, hafi reynslu af því að að vinna með börnum og hafi bíl til umráða.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 2. maí 2014.

Vinnuskóli

Vinnuskólinn verður starfræktur frá 9. júní til 31. júlí og er fyrir unglunga fædda árin 1998 - 2001. Daglegur vinnutími verður kl. 8-12 og 13-15 fimm daga vikunnar fyrir elstu börnin en fjóra fyrir hin yngri.

Umsóknareyðublöð eru á www.dalir.is og á skrifstofu Dalabyggðar.

Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 2. maí 2014.

Sveitarstjórnarkosningar

Utankjörfundaatkvæðagreiðsla

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí 2014 er hafin.

Kjósanda er heimilt að greiða atkvæði utan kjörfundar frá og með þeim degi og til kjördags. Innanlands er hægt að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu, á aðalskrifstofum eða í útibúum þeirra.

Hjá Sýslumanninum í Búðardal fer atkvæðagreiðslan fram á skrifstofu sýslumanns, Miðbraut 11, frá kl. 13:00 til 15:30 alla virka daga til kjördags.

Hægt er að kjósa á öðrum tíma samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi kjörstjóra. Kjósendum er bent á að hafa persónuskilríki meðferðis á kjörstað.

Framboðsfrestur

Framboðsfrestur vegna sveitarstjórnarkosninga 31. maí rennur út kl. 12 á hádegi laugardaginn 10. maí 2014.

Sjálfböðavinnuverkefni

Minnt er á að umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 2. maí. Reglur um sjálfböðavinnuverkefni og umsóknareyðublöð eru á vef Dalabyggðar.

Útboð

Fyrirhugað er útboð vegna byggingar á þjónusthúsi á tjaldsvæðinu í Búðardal. Gert er ráð fyrir að útboðsgögn verði tilbúin strax eftir páska.

Áhugasamir verktakar hafi samband við Boga Kristinsson byggingarfulltrúa.

Páskagleðin

Móðir/faðir hvar er barnið þitt?

Hugleiðing í aðdraganda páskanna

Íslenskar kannanir sýna að börn og unglingar/ungmennir vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum en þau gera. Samverustundir fjölskyldna eru dýrmætari og hvetja unga fólkið til heilbrigðara lífnis.

Verum samstíga um að gera páskana að hátíð þar sem fjölskyldan skemmtir sér saman. Með því sjáum við til þess að börnin okkar eigi góðar og jákvæðar minningar. Mikilvægt er að virða útivistarreglur, standa saman gegn eftirlitslausum unglingapartýum og vera í góðu sambandi við foreldra annarra barna og ungmenna. Þá er gott að hafa í huga niðurstöður rannsókna sem sýna að með því að foreldrar útvegi börnum sínum áfengi þá eykst áfengisneysla þeirra, auk þess sem það getur ýtt undir að vinir barnanna drekki einnig áfengi.

Allt of margir unglingar hafa lent í aðstæðum sem þeir réðu ekki við t.d. í sumarþáttum.

Með samstilltu átaki geta foreldrar gert páskana að frábærri fjölskylduhátíð.

Gleðilega páska!

Félagsþjónustan

Safnadagur Vesturlands - sumardaginn fyrsta

Fyrsti sameiginlegi safnadagurinn á Vesturlandi verður sumardaginn fyrsta, þann 24. apríl 2014. Söfn, sýningar og setur á Vesturlandi verða opin og aðgangur ókeypis.

Markmiðin með safnadeginum er að vekja athygli heimamanna og gesta þeirra á fjölbreyttu starfi safna, sýninga og setra á Vesturlandi auk þess að efla sögu- og menningartengda ferðaþjónustu í landshlutanum.

Hér í Dölum verður opið á Eiríksstöðum, Leifsbúð, Byggðasafni Dalamanna og Ólafsdal í tilefni dagsins.

Sælingsdalslaug

14. apríl mánudagur	17-21	
15. apríl þriðjudagur	17-22	15:30-17 eldri borgarar
16. apríl miðvikudagur	17-19	
22. apríl þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
23. apríl miðvikudagur	17-20	
29. apríl þriðjudagur	17-20	15:30-17 eldri borgarar
30. apríl miðvikudagur	17-20	

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur
